

að með fólk sitt alt, og að vestan Bjarni Þórðarson óðalsbóndi á Reykhólum með fólk sitt, sömuleiðis allfluttur hingað.

Mikill fjöldi aðkomumanna innlendra er hér í bænum um þessar mundir. Meðal nokkuð langt að kominna ferðamanna höfum vér orðið varið við prófastana Hjörl. Einarsson, Jón Jónsson í Stafafelli, Sigurð Jónsson og Magnús Andrésen, héraðslækni Pál Blöndal, Einar Markússon faktor og umboðsmann í Ólafsvík, Sæmund Halldórsson kaupmann í Stykkishólmi, Sigurð bónda Einarsson frá Seyðisfirði, Þorlák bónda Þorláksson í Vesturhópshólum, Sveinbjörn bónda Magnússon, fyrrum í Skáleyjum (föður séra Jóhanns próf. Sveinbjarnarsonar á Hólum), Kristján Jónsson bónda í Viðaldalstungu.

Póstskipið „Laura“, kapt. P. Christiansen, kom aðfaranótt 6. p. m., beint frá Skotlandi, var rúma 4 sólarhringa þá leið. Fjöldi farþega með skipinu: frá Skotlandi 10—12 Engjendinga og Oddur Sigurðsson vélari, enn frá Khöfn Bend. alþm. Sveinsson, kaupmennirnir Ólafur Ólafsen í Keflavík með frú sinni og syni, og Leonh. Tang frá Ísafirði, lækna-kandidatarnir Halldór Steinsen og Jón Blöndal, frk. Ebba Schierbeck, frk. Kristín D. Johnson og frk. Soffía Smith, stúdentarnir Árnai Pálsson Ásgeir Torfason, Eiríkur Kjerúlf, Gísli Skúlason og Jón Þorláksson; Reinh. Andersson skráðarameistari, Brynjólfur Þorláksson söngfræðingur, Guðmundur Sigurðsson og Jón Fjeldsteð skráðarar.

Sveitafólk! Lesið!

Hvergi ódýrara í Reykjavík!

Fyrsta húsið til hægri handar, þegar þið komið til Reykjavíkur, er hús

Samúels Ólafssonar söðlasmiðs.

Hann hefir nú miklar birgðir af nýjum reiðtygjum, og öllu, sem að þeirri iðn lýtur. Aðgjörðir unnar fljótt og vel. Gjörð svo vel og litið inn til mín um leið og þið komið til bæjarins og skilið eftir reiðtygi þau, sem þarf að gera við, á meðan þið dveljið í bænum.

Brúkuð reiðtygi

fást keypt með mjög sanngjörnu verði. Gott fyrir þá, sem ekki hafa efni á að kaupa nýtt.

Brúkuð reiðtygi leigð. Borgist fyrir fram.

Fólk athugi, hve þægilegt það er, að geta fengið leigt alt, sem að reiðtygjum lýtur, á einum stað. Ekki þarf annað en koma með hestana sína og leggja á hvaða reiðtygi sem óskað er eftir: Söðla, Huakka, Klyfsöðla, Kofort, Áburðartöskur o.s.frv.

Enginn söðlasmiður á landinu hefir boðið slíkt.

Vinna og öll gjaldgeng vara tekin.

Alt áreiðanlegt, sem lofað er!

Ekta franskt Cognac

búið til í bænum Cognac á Frakklandi.

Aðalumboðsmaður fyrir hið stærsta og besta verzlunarhús á Frakklandi: Verzlunarhúsið Gonzalez, Staub & Co. í Cognac, er hér á landi **Ben. S. Þórarinnsson** kaupm. í Reykjavík, og geta allir pantað þetta hjá honum.

Þektum og áreiðanlegum mönnum gefur verzlunarhúsið þriggja mánaða gjaldfrest og 2% afslátt. — Sýnishorn geta þeir fengið hjá mér, sem panta konjakkíð.

Konjakk þetta er alþekt um alla Evrópu fyrir framúrskarandi gæði og lágt verð.

Komdu nú að kveðast á

um kjólatau og vöru þá, sem EDINBORG er flutt burt frá, finst ei betra jörðu Á.

Á hverjum bekk í hverri kró þeir selja þar af öllu nóg.

Deir selja damask, döðlur, vatt, og dömurnar segja að léreftin séu skelfing góð og það kvað vera satT.

Tölum ekki um tvinnann þar, traustari aldrei spuninn var. Spegla' er gera fjandann sjálfan friðan, svo flauelskápu margur vildi skrída' 'auN.

Notum tíma og nýja tóbakið, nálakodda, kex og piclesíð. Krydd-ávesti, köku- og blómstur-skálar.

Cócoa og óbrjóandi nálaR.

Reykjarpípur remmast aldrei þar roða slær á krystalskálarnar, Tepottar sem tæmast ei taktu þér þar slípsi meY.

(Framh. síðar. Verður sagt frá baðlyfinu bezta handa Dalamönnum. Ballskónum til vetrarins, Pearssáp unni heimsfrægu, Leirvarningi, sem stenst allar vinnukouur, Stólunum, sem gera þreytta menn að nýjum mönnum).

**Brauðin frá
Bakarí Ben.
S. Þórarinssonar** eru að mínum og annara dómi sem reynt hafa beztu

og vönduðustu brauðin í bænum, alls ólík vindhangnu brauðunum sem verið er að þeyta hingað og þangað um bæjan, enn fáir hafa list á, enda má nærri geta að þau ekki batni á hrakningnum.

Reykvíkingur.

Verzlun Siggeirs Torfasonar

á Laugavegi Nr. 10,

í steinhúsi J. Schaus steinhöggvara, hefir til sölu:

Bankabygg, Baunir, Hveitimjöl, Grjón 2 teg., Haframjöl, Kartöflumjöl, Sago, Kaffibrauð, Kaffi, Kandis, Melis, Púðursykur, Exportkaffi, Rúsinur, Sveskjur, Gráfíkjur, Grænsápa, St.sápa, Handsápa, Södi, Chocolate, Sennep.

Alls konar kryddvörur.

Stívelsi, Blánsverta, Ofnsverta, Taublákka, Eldspitur, Brjóstaykur, Ostur, Margarine, Vindlar, Cigarettur, Reyktóbak, Vindlar fl. teg., Rulla og Rjól.

Brennivín Cognac
Whisky Portvín
Sherry Sv. Banco
Öi, Sodavatn, Lemonade o. m. m. fl.

Alt góðar vörur, og gott verð.